

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Skilmannahrepps 2002-2014.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 15. ágúst 2007 staðfest aðalskipulag Skilmannahrepps 2002-2014.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Sveitarstjórn Skilmannahrepps, nú Hvalfjarðarsveit, hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar. Synjað er um staðfestingu þess hluta aðalskipulagsins er varðar vegalagningu yfir Grunnafjörð og búgarðabyggð í landi Galtarvíkur, sbr. 2. mgr. 19. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi sá hluti aðalskipulags iðnaðarsvæðis á Grundartanga 1997-2017 sem er innan sveitarfélagsins frá 18. desember 1996, með síðari breytingum.

Umhverfisráðuneytinu, 15. ágúst 2007.

Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 16. ágúst 2007